

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1977.

Nr. 111/1977. **Ármannsfell h/f**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík

(Sigurður Ólason hrl.).

Áfrýjunarfrestur. Áfrýjunarleyfi. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Með úrskurði Hæstaréttar hinn 3. júní 1977 var það mál fellt niður að kröfu stefnda. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju hinn 1. júlí 1977 með skírskotun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Eru dómkröfur hans þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hins umbeðna uppboðs. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Er dómsmálaráðuneytið veitti leyfi til áfrýjunar hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar 26. október 1976, voru meira en þrjú mánuðir liðnir frá uppkvaðningu úrskurðarins. Brast ráðuneytið því lagaheimild til að veita áfrýjunarleyfið, shr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ármannsfell h/f, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 21. júlí 1976.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur gert þær réttarkröfur, að steypumót, eign Ármannsfells h/f, Grettisgötu 56 hér í borg, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar ógreiddum aðflutningsgjöldum að upphæð kr. 2.889.084 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 11. júlí 1975 til greiðsludags auk kostnaðar við uppboðið. Þá er þess krafist, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Gerðarþoli, Ármannsfell h/f, krefst þess, að synjað verði um uppboðið og enn fremur að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 22. júní sl. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist nokkuð vegna ýmislegs annríkis réttarins.

Forsaga þessa uppboðsréttarmáls er sú, að gerðarþoli, Ármannsfell h/f, flutti á sl. sumri inn frá firmanu Hünnebeck í Þýskalandi vöru, er þannig er lýst á vörureikningi, rskj. 7: „Wall forms for fabrication of concrete walls and ceilings complete for work at Funahöfði 19 . . .“.

Aðflutningsskýrsla er gerð þann 10. júlí 1975 og undirrituð af Ármanni Ó. Ármannssyni f. h. gerðarþola. Varan er 58 kassar og knippi, brúttóþyngd er 31.692 kgr. FOB-verð er 83.879.99 DM, þ. e. kr. 5.469.646 á gengi DM. 6.520.80, flutningsgjald er kr. 535.796 og váttryggingarkostnaður kr. 64.060. Er tollverð þannig kr. 6.069.502. Vörulýsing er á þessa leið: „Steinsteypumót til framleiðslu húseininga“, og í skýrslunni er varan flokkuð undir tollskrárnúmer 84.60.00. Nettóþyngd er tilfærð 31.542 kgr. Er varan afgreidd þannig, að aðflutningsgjald reiknast ekki, en aftur á móti 11% sölugjald af tollverðinu, þ. e. kr. 667.645.

Í dálki fyrir athugasemdir hefur Ármann Ó. Ármannsson skrif-

að: „Lýsi því hér með yfir, að vara þessi notast til verksmiðju-framleiðslu húsa og eigin notkunar“.

Var sölugjaldið greitt og varan afhent gerðarþola þann 11. júlí 1975.

Fyrir liggur í málinu athugasemd ríkisendurskoðunar, rskj. 3. Þar segir, að vara þessi muni hafa verið ranglega tollflokkuð undir 84.60.00 í stað 73.21.09 og hafi tollur því væntanlega átt að vera 30% og sölugjald 22% í stað 11%. Auk þess vanti stimplun um endurskoðun á aðflutningsskýrslu.

Voru síðan sendir 2 tollgæslumenn og 1 fulltrúi í ríkisendurskoðun til þess að skoða hér umrædda vöru. Þeir skiluðu síðan skýrslu um þessa skoðun, og er þar látið svo um mælt, að þessi steypumót hafi fundist í uppslætti fyrir byggingu á lóð Landspítalans. Álit þessara skoðunarmanna er það, að þessi mót eigi að tollflokka undir 73.21.09. Í viðbótarskýrslu þeirra, sem gefin er þann 17. maí þ. á., segir síðan: „Mót þessi eru flekar, sem gerðir eru úr römmum, smíðuðum úr stálprófflum. Inn í þessa ramma eru felldar og festar plötur úr vatnspólnum krossviði. Flekar þessir eru tengdir saman hlið við hlið eða hver ofan á annan, með ýmsum festingum og tengibúnaði úr stáli, sem er talinn á vöru-reikningi frá Hünnebeck GmbH., dags. 20. 6. 1975. Á römmum flekanna er búnaður, sem gerir kleift að festa vinnupalla utan á mótin, er þau hafa verið sett upp.“

Slíkir pallar hafa verið fluttir inn af Ármannsfelli h/f. Innflytjandi tollflokkaði þá í tnr. 84.60.00. Tollflokkun þessari var breytt að kröfu tollstjóraembættisins í tnr. 73.21.09 og tollur greiddur samkvæmt því, samanber tollafgreiðslunúmer 61897/1975.

Að okkar áliti ber að samtolla þessa vöru í tnr. 73.21.09, sbr. alm. reglur um túlkun tollskrárákvæða, gr. 3 b og c, og ennfremur skýringar við Brüsseltollskrána, í 73.21, 1. og 2. málsgrein“.

Það er komið fram í málinu, að tollstjóri hefur með bréfi til gerðarþola, dags. 16. desember 1975, krafist greiðslu á ógreiddum aðflutningsgjöldum, kr. 2.889.084, og hefur gerðarþoli svarað því bréfi þann 29. desember s. á. og kannast ekki við neina skuld. Tollstjóri ítrekar kröfu sína þann 5. janúar þ. á.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 2. febrúar 1976. Mótmæli bárust gegn framgangi uppboðs, áður en uppboðsauglýsing yrði gefin út. Var uppboðsréttarmál þetta tekið fyrir þann 2. apríl, og hafa komið fram greinargerðir aðilja svo og nokkur gögn. Var málið munnlega flutt þann 5. maí, en síðar enduruptekið, að tilhlutan

gerðarbeiðanda, til frekari gagnaöflunar. Kom þá fram bréf gerðarbeiðanda til fjármálaráðuneytisins svo og úrskurður ráðuneytisins um tollflokkun, þar sem staðfest er sú breyting tollflokks, sem hér að framan er sagt frá, að gerðarbeiðandi ákvað. Er hann á þessa leið: „Ráðuneytið hefur móttekið erindi yðar, herra tollstjóri, dags. 11. þ. m., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er úrskurðar um tollflokkun vörusendingar, sem Byggingafélagið Ármannsfell h/f flutti til landsins og fékk tollafgreidda 11. júlí 1975.

Samkvæmt vörureikningum nr. 92378 og 92379 frá Hünnebeck GmbH í Vestur-Þýskalandi, dags. 20. júní 1975, er hér annars vegar um að ræða „WALL FORMS FOR FABRICATION OF CONCRETE WALLS AND CEILINGS COMPLETE FOR WORK AT FUNAHÖFÐI 19“, og hins vegar „PLYWOOD FOR FABRICATION OF CONCRETE CEILINGS COMPLETE FOR WORK“, samtals að verðmæti DM. 83.879.99, en á aðflutningsskýrslu innflytjanda er vara þessi nefnd „steinsteypumót til framleiðslu húseininga“.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að samkvæmt skýrslu tollgæslunnar, dags. 11. des. 1975, var ofangreind vara skoðuð af tveimur tollgæslumönnum ásamt fulltrúa ríkisendurskoðunar. Af nefndri skýrslu má ráða, að varan sé aðallega úr stáli og krossviði. Uppistöður og langbönd eru sögð vera úr stálprofil og stálpípum, festingar allar úr stáli, en klæðning úr þykkum krossviði. Að öðru leyti er eigi að finna frekari lýsingu á vörunni, og taldi ráðuneytið af þeim sökum áskilnaði 3. mgr. 33. gr. tollskrárlaga eigi fullnægt. Var því óskað eftir frekari upplýsingum um gerð og samsetningu vörunnar.

Með viðbótarskýrslu tollgæslunnar, dags. 17. þ. m., hefur að mati ráðuneytisins borist ítarlegri og fullnægjandi vörulýsing. Af þeirri vörulýsingu svo og fyrrgreindum vörureikningum hins erlenda fyrirtækis er ljóst, að hér er um að ræða vöru af hliðstæðri gerð og ráðuneytið hefur þegar úrskurðað um tollflokkun á með bréfi, dags. 24. nóv. 1975.

Í nefndu bréfi voru SBG METRIFORM SYSTEM (A UNIVERSAL FORMWORK SYSTEM FOR WALLS AND SOFFITS) eða svonefnd kerfismót úrskurðuð í tollskrárnúmer 73.21.09, en um lýsingu á þeirri vöru vísast til hjálagðs myndabæklings.

Við ákvörðun um tollflokkun á síðastgreindri vöru þótti rétt að hafa til hliðsjónar auk skýringa sjálfra tollskrárlaga athugasemdir og skilgreiningar í skýringaritum Brüsseltollskrárinnar, þar sem fram kemur, að sérstaklega tilsníðið efni til uppsláttar

skuli falla undir tnr. 73.21 og falli þar af leiðandi eigi undir tnr. 84.60. Jafnframt var með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1975, leitað umsagnar danskra tollyfirvalda um tollflokkunina. Í svarbréfi Direktoratet for Toldvæsenet, dags. 13. nóv. s. á., kom fram það álit danskra tollyfirvalda, að tollflokka bæri vöru þessa í tnr. 73.21. Mun fyrrgreindur úrskurður ráðuneytisins vera í fullu samræmi við tollflokkun sambærilegra vara á Norðurlöndum.

Með skírskotun til framanritaðs úrskurðar ráðuneytið samkvæmt 33. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að vara sú, sem ágreiningur hefur risið um, fellur undir tnr. 73.21.09.

Að lokum telur ráðuneytið rétt að benda á, að hinn 2. sept. 1975 var flutt til landsins vörusending með m/s LANGÁ af sama innflytjanda, sem hann lýsti á aðflutningsskýrslu (innf. nr. 60952-05.09.75) sem „hlutar í steinsteypumót til framleiðslu húseininga“. Jafnframt var tekið fram á aðflutningsskýrslu, að hluta þessa hefði vantað í sendingu móta til framleiðslu húseininga, er tollafgreidd var 11. júlí s. á. Vegna athugasemda og frekari aðgerða viðkomandi tollyfirvalds gerði innflytjandi nýja aðflutningsskýrslu og breytti á henni fyrrgreindri vörulýsingu í „Stillansundirstöður“ og greiddi án nokkurs fyrirvara hinn 11. sept. 1975 toll af sendingunni samkvæmt tnr. 73.21.09, sbr. afgr. nr. 61897/1975.“

Uppboðskrafan, kr. 2.889.084, sundurliðast þannig: tollur kr. 1.820.851 og söluskattur kr. 1.068.233. Þá er krafist dráttarvaxta frá og með afhendingardegi, sem var 11. júlí 1975.

Málsútlistun gerðarbeiðanda hefst á því, að gerðarþoli hafi gefið rangar upplýsingar þann 10. júlí 1975, er hann leysti hina innfluttu vöru úr tolli, og þær upplýsingar hafi valdið því, hversu til tókst. Gerðarþoli hafi látið í veðri vaka, að aðeins hafi verið um að ræða „steinsteypumót til framleiðslu húseininga“, og hafi það verið skráð eftir fyrirsögn starfsmanns gerðarþola, sem hafi að auki skráð eigin hendi á aðflutningsskýrslu, að vöruna skyldi nota til „verksmiðjuframleiðslu húsa o. fl.“. Samkvæmt skoðunargerð hafi komið í ljós, að mótin voru notuð sem tíðkanleg steypumót við uppslátt húsa. Mikil áhersla liggir á því, er ákveða skuli tollflokk, hvernig faktisk not vörunnar verði, og liggir nú fyrir, að flekar þessir séu hæfir til þess að vera almenn steypumót, en henti ekki frekar til verksmiðjuframleiðslu en hverjir aðrir hlutir, og það verði a. m. k. ekki séð, að höfuðtilgangurinn sé verksmiðjuframleiðsla.

Nú liggir fyrir bindandi úrskurður fjármálaráðuneytisins skv.

33. gr. laga 6/1974, þar sem tollskrárbreyting frá 84. kafla til 73.21.09 hafi verið staðfest. Er vísað til þessa úrskurðar og rökstuðnings hans.

Nú hafi gerðarþoli reynst ófáanlegur til að greiða þessa fjárhæð að kröfu gerðarbeiðanda og sé því neytt úrræða 54. gr. laga nr. 59/1969, sem mæli svo fyrir, að hinar gjaldskyldu vörur skuli vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum og haldist sá veðréttur, þótt vörur hafi verið afhentar innflytjanda, en verði skil ekki gerð, megi án undangenginnar aðfarar selja vörurnar á uppboði til lúkningar skuldinni ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Því er haldið fram af hálfu gerðarþola, að vara sú, er um er að ræða í þessu máli, hafi verið fullnaðarafgreidd til hans þann 11. júlí 1975, enda allar upplýsingar um hana til reiðu, og jafnvel myndir af henni. Við afhendinguna hafi veðréttur sá, er 54. gr. laga nr. 59/1969 tiltekur og gerðarbeiðandi hafði, meðan hann hélt vörunni, fallið niður. Eftir það hafi engin heimild verið til að endurskoða hið ákveðna og greidda gjald, a. m. k. geti slík endurskoðun ekki vakið upp veðrétt þann, er féll niður, er gerðarþoli fékk vöruna. Áminnst 54. gr. eigi aðeins við, ef vara sé afgreidd án eðlilegrar tollmeðferðar eða ef álögd gjöld greiðast ekki, svo sem ef innstæðulaus tékki hafi verið notaður til að ná vörunni. Úrskurður fjármálaráðuneytis skv. 33. gr. tollskrárlaga breyti engu um innheimtuaðstöðu gerðarbeiðanda, þar eð telja verði, að gert sé ráð fyrir, að slíkur úrskurður gangi, meðan gerðarbeiðandi hafi vöruna undir höndum. Raunar hafi vara þessi verið rétt flokkuð undir 84. kafla tollskrár, en undir það falli steypumót fyrir steinsteypu skv. beinni lýsingu undirflokks 60.00 og sé ekki fyrir hendi neinn sá tollflokkur, er betur falli að vörunni. Hér sé um að ræða tæki til mannvirkjagerðar, er tekin séu burtu að lokinni notkun, en alls ekki mannvirki, þannig að 73.21.09 geti átt við. Það sé að sjálfsögðu notkunargildið, sem eigi að segja fyrir um tollflokkun, en ekki efni það, sem varan er gerð úr. Ekki eigi að skipta máli, þó að nota megi vöruna til uppsláttar við hús jafnframt verksmiðjuframleiðslu og sé fjarstæða að láta það ráða tollflokkun, þó svo hafi hist á, er skoðunarmenn gerðarbeiðanda bar að, að mótin voru í þann mund notuð til uppsláttar við hús. En gerðarþoli hafi alla aðstöðu til að nota þau til verksmiðjuframleiðslu að Funahöfða 19 og hafi gert það með góðum árangri.

Í 33. gr. laga nr. 6/1974 segir, að rísi ágreiningur um það, hvort tiltekin vara skuli fremur teljast til eins en annars tollskrárnúm-

ers, skuli fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og sé sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Nú liggur slíkur úrskurður fyrir í máli þessu, og er hann á þá leið, að hér umrædd vara falli undir tollskrárnúmerið 73.21.09. Það hefur ekki komið fram í máli þessu, að ráðuneytið hafi við þessa sína úrlausn beitt röngum aðferðum eða að mat þess hafi ekki verið efnislegt, og ekki þykir heldur unnt að fallast á það, að slíks úrskurðar hafi þurft að afla, meðan varan var í umráðum gerðarbeiðanda. Með tilliti til 54. gr. laga 59/1969, sem segir, að þar greint veð haldist, enda þótt vara hafi verið afhent innflytjanda, verður ekki talið, að um hafi verið að ræða fullnaðarafhendingu vörunnar þann 11. júlí 1975, þannig að veð þetta félli niður.

Verður ekki annað fyrir hendi en að fallast á framkomna uppboðskröfu gerðarbeiðanda til lúkningar kr. 2.889.084 og til lúkningar dráttarvöxtum, sem rétt þykir, að reiknist frá dagsetningu kröfubréfs gerðarbeiðanda þann 16. desember 1975 til greiðsludags, og kostnaði við uppboðið.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð fer fram skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð til lúkningar kr. 2.889.084 ásamt $1\frac{1}{2}\%$ dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags auk kostnaðar við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.
